

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 11. maí 2018 kl. 15:20.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson, Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson (í síma). Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum, þetta gerðist:

### 1. Ársreikningur 2017

Fyrir liggur ársreikningur 2017 endurskoðaður af PwC án athugasemda ásamt endurskoðunarbréfi þar sem gerð er grein fyrir endurskoðuninni og þeim atriðum sem fram komu í henni. Endurskoðendur vekja sérstaka athygli á uppgjöri skuldbindinga við Brú – lífeyrissjóð og einnig töluverðri hækkun reiknaðra áfallinna lífeyrisskuldbindinga í ársreikningnum.

Eftir yfirferð reikningsins ásamt skýringum og endurskoðunarbréfi var reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða og staðfestu fundarmenn hann með undirritun sinni.

### 2. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga til tveggja ára

Samkvæmt skipulagsskrá Þekkingarnets Þingeyinga skal skipa stjórn til tveggja ára í senn og er HNP bs. einn tilnefningaraðila. Samþykkt samhljóða að tilnefna Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur í stjórnina til næstu tveggja ára.

### 3. Erindi frá samgöngunefnd SSA

Fyrir liggur framsent erindi frá stjórn atvinnuþróunarfélagsins þar sem stjórn og samgöngunefnd SSA óska eftir afstöðu Þingeyinga til þátttöku í undirbúningsvinnu vegna mögulegrar vegalagningar vestan og norðan Vatnajökuls sem tengja myndi suður- austur- og norðausturland.

Framkvæmdastjórn telur að hér sé um að ræða erindi sem rétt sé að kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna taki afstöðu til og vísar því til afgreiðslu næsta fundar fulltrúráðs.

Steinþór Heiðarsson telur rétt að vísa erindinu frá.

### 4. Önnur mál

- a) Rætt um mögulegar útfærslur á bókun framkvæmdastjórnarinnar 23. okt. sl. varðandi samstarf sveitarfélaganna í tilefni 100 ára fullveldisafmælisins. Niðurstaðan sú að beina því til MMP og skólanna hvernig útfæra mætti slíkt samstarf og eftir atvikum samræmingu.

- b) Elías Pétursson vakti athygli á bókun aðalfundar slökkviliðsstjóra þess efnis að sveitarfélögin tækju yfir sjúkraflutninga. Bent var á að að lögregla þarf einnig að vera hluti af fyrsta viðbragði en á það getur skort í dreifbýli þar sem enginn lögreglumaður er á vakt.
- c) Steinþór Heiðarsson minnti á eldri tillögu sína um að sveitarfélögin sameinuðust um að gera minkaleit og -vinnslu að fullu starfi og fá þannig fagmann til starfsins. Kristján Þór tók undir nauðsyn þess að sveitarfélögin a.m.k. samræmdu stefnu sína í málaflokknum.

Í lok fundar þakkaði formaður stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf en þetta var síðasti fund framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á yfirstandandi kjörtímabili.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.